

Aðalfundur Astma- og ofnæmisfélags Íslands vegna 2021

Borgartún 28a, 3. maí 2022, kl. 17:15.

Mætt: Áslaug Guðjónsdóttir, Björn Ólafur Hallgrímsson, Erna Katrín Árnadóttir, Friðu Rún Þórðardóttir, Harpa Rut Hafliðadóttir Jóhanna Eyrún Torfadóttir, Saga Ólafsdóttir, Sólveig Skaftadóttir, Thelma Grímsdóttir, Tonie Gertin Sörensen.

Forföll boðuðu:

Eftirfarandi sóttu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað: Selma Árnadóttir, Björn Rúnar Lúðvíksson,

Dagskrá aðalfundar

1. Formaður setur fundinn.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á aðalfund AO vegna 2021. Því næst var gengið til dagskrár.

2. Kjör fundarstjóra og skipun fundarritara.

Formaður lagði til að Björn Ólafur Hallgrímsson yrði fundarstjóri og samþykkti fundurinn og Björn Ólafur það samhljóða.

Björn Ólafur stakk upp á sitjandi formanni, Friðu Rún Þórðardóttur sem fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri þakkaði traustið og gekk til dagskrár. Hann úrskurðaði aðalfundinn löglegan þar sem löglega hafi verið til hans boðað. Hann var auglýstur þann 2. apríl á heimasíðu AO og facebook síðu auk þess sem allir félagar fengu boð um fundinn með tölvupósti.

3. Fundargerð

Farið var yfir fundargerð síðasta aðalfundar sem var samþykkt samhljóða. Fundargerðir aðalfunda eru nú birtar á heimasíðu AO (www.ao.is / um félagið).

4. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar og stiklaði á stóru um verkefni liðins árs en skýrslan (3 bls.) hafði verið lögð fram fyrir fundinn.

5. Skýrsla gjaldkera

Varaformaður / gjaldkeri fór yfir rekstrarreikning, efnahagsreikning, skuldir og eigið fé félagsins vegna ársins 2021. Á árinu 2021 gekk áfram vel að afla styrkja sem er grundvöllur fyrir því að ýmiss verkefni félagsins komist til framkvæmda og hlutust styrkir frá ÖBÍ, Lýðheilsusjóði og Heilbrigðisráðuneytinu. Rekstur í góðu jafnvægi.

6. Skýrslur nefnda og sjóða

Skýrsla um starfsemi Styrktarsjóðsins var flutt af formanni.

7. Umræður um skýrslur. Ársreikningar bornir upp.

Sjá hér að ofan umræðu um ársreikninga. Ársreikningurinn var borinn upp og samþykktur samhljóða. Skýrsla stjórnar AO var samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun félagsgjalda sbr. 6. gr.

Formaður lagði fram tillögu um að félagsgjaldinu yrði haldið óbreyttu.

9. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir.

10. Formannskjör

Fundurinn stakk upp á sitjandi formanni, Fríðu Rún Þórðardóttur, sem áframhaldandi formann AO. Fundurinn tók undir og samþykkti tillöguna samhljóða. Fríða Rún þakkaði traustið.

11. Kjör tveggja meðstjórnenda.

Sif Hauksdóttir og Selma Árnadóttir voru kjörnar í stjórnina til tveggja ára. Björn Rúnar Lúðvíksson og Sólveig Skaftadóttir eru á sínu öðru ári í stjórn.

12. Kjör þriggja varamanna

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir, Harpa Rut Hafliðadóttir, Guðrún Erla Þorvaldsdóttir voru kjörnar til eins árs.

13. Kjör tveggja skoðunarmanna og eins til vara.

Skoðunarmenn eru Sólveig Hildur Björnsdóttir og Saga Ólafsdóttir. Ari Víðir Axelsson er áfram varamaður.

14. Stjórnarkjör Styrktarsjóðs (kt: 650202-3680)

Samkvæmt lögum Styrktarsjóðsins er formaður AO sjálfkjörinn í formannssæti sjóðsins, það embætti helst því óbreytt. Stjórnina skipa nú auk formanns AO, Dagný Erna Lárusdóttir, Sólrún Melkorka Maggadóttir (læknir), Sólveig Skaftadóttir og Thelma Grímsdóttir.

Varamenn eru Björn Árdal (læknir), Hanna Regína Guttormsdóttir og Tonie Gertin Sörensen.

15. Aðrar kosningar

Stjórn var valið að kjósa fundarmenn á ársfund SÍBS.

16. Önnur mál.

Stjórn AO veitti Hörpu Rut Hafliðadóttir viðurkenningu vegna bókarinnar Fjóla er með ofnæmi.

Saga Ólafsdóttir þakkaði fyrir að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í Ung ÖBÍ, og talaði um hversu mikilvægt væri að virkja yngri astmasjúklinga. Björn Rúnar tók undir þetta og ræddi mikilvægi jafningjafræðslu og að þar mætti líta til verkefna annarsstaðar á norðurlöndum og í Evrópu.

Áslaug Guðjónsdóttir sem var gestur fundarins og er í forsvari fyrir styrktarsjóð sem vill leggja AO lið er snýr að stuðningi við fræðslutengd málefni. Formaður þakkaði þennan hlýhug og nefndi mögulegt málþing um fæðuofnæmismál og skólakerfið í þeim efnum.

Formaður þakkaði fundarstjóra, Birni Ólafi, fyrir fundarstjórnina og fundarmönnum fyrir þátttökuna og málefnalegan fund.

Formaður sleit fundi kl. 19:00.

Fundargerð ritaði Fríða Rún Þórðardóttir

Fríða Rún Þórðardóttir